

REGLUGERÐ

um Sjóðshappdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

Happdrætti Háskóla Íslands rekur sérstakt happdrætti undir heitunum Sjóðshappdrætti i Háskóla Íslands og "Happó".

2. gr.

Í happdrættinu eru gefnir út sjálfstæðir útgáfuflokkar, hver um sig auðkenndur með bókstöfum, einum eða fleiri. Bókstafirnir skulu prentaðir á framhlið happdrættismiðanna. Engar kvaðir eru á fjölda miða sem út eru gefnir í hverjum útgáfuflokki.

3. gr.

Á miðum hvers útgáfuflokks skal, auk auðkennis útgáfuflokks, koma fram verð miðans, dráttardagur og innlausnarfrestur vinninga. Á framhlið hvers miða skulu prentuð þrjú númer: aðalnúmer sem er sex stafa tala, fjögurra stafa tala og tveggja stafa tala. Aðalnúmer skulu vera í röð í hverju miðabúnti en hin tvö skulu vera afleiddar tölur með mikilli dreifingu. Númerin skulu prentuð með vel læsilegum tölustöfum, og aðalnúmerið auk þess með tölvutækum strikamerkingum.

4. gr.

Nýr flokkur happdrættismiða skal að jafnaði gefinn út vikulega, en heimilt er stjórn happdrættisins að breyta útgáfutíðni þannig að ein, tvær, þrjár eða fjórar vikur líði á milli útgáfuflokka.

Sölu hvers flokks skal að jafnaði ljúka á laugardegi og útdráttur skal fara fram sama dag.

5. gr.

Verð hvers happdrættismiða skal vera 200 krónur.

6. gr.

Miðar í happdrættinu skulu vera til sölu hjá aðalskrifstofu Happdrættis Háskóla Íslands, umboðsmönnum þess og eftir atvikum öðrum sölumönnum samkvæmt ákvörðun stjórnar happdrættisins.

7. gr.

Miðar í hverjum útgáfuflokki skulu prentaðir í samfellum, sem í eru 100, 200 eða 500 miðar, og myndar hver samfella eitt miðabúnt. Gataröð verði milli einstakra miða þannig að auðveldlega megi skilja miða í sundur þá er sala fer fram.

Miðar skulu að jafnaði seldir úr sérstökum sölukössum, þannig að miðar í hverju miðabúnti seljist í númeraröð - lægri númerin í hverju búnti fyrst.

8. gr.

Þegar miðar (búnt) eru afhentir til sölu skal aðalnúmer miðanna skráð í aðaltölvu happdrættisins.

Þegar sölu í útgáfuflokki lýkur skulu starfsmenn happdrættisins, umboðsmenn, og eftir atvikum aðrir sölumenn, staðreyna og staðfesta hvaða miðar eru óseldir of þeim miðum, sem seljendur fengu til sölu. Þessum upplýsingum skal komið tímanlega til aðalskrifstofu happdrættisins þar sem þær verða skráðar í aðaltölvu þess áður en útdráttur fer fram.

Takist ekki að fá upplýsingar tímanlega frá einstökum seljendum um óselda miða skal litið svo á að allir miðar sem þeir fengu til sölu hafi verið seldir. Útgefnum miðum í tilteknum útgáfuflokki sem ekki höfðu selst þegar sölu var hætt, skal skilað til aðalskrifstofu happdrættisins innan viku frá því er útdráttur fór fram.

Útgefnum miðum í tilteknum útgáfuflokki sem ekki höfðu selst þegar sölu var hætt, skal skilað til aðalskrifstofu happdrættisins innan fimm vikna frá því er útdráttur fór fram.

9. gr.

Happdrætti Háskóla Íslands ber ekki ábyrgð á villu í prentun miða, en endurgreiða ber handhafa slíks miða andvirði hans, enda framvísi harm miðanum án ástæðulausrar tafar.

Komi í ljós eftir útdrátt að vegna villu í prentun beri tveir eða fleiri miðar sama vinningsnúmer skiptist vinningsfjárhæð jafnt á hvern miða.

Ógallaðir miðar verða ekki endurgreiddir.

10. gr.

Af heildarsölu hvers útgáfuflokks skal helmingi varið til vinninga. Heildarfjárhæð vinninga í hverjum útgáfuflokki skiptist í þrjá hluta, þannig:

a. Í hlut þess sem hlýtur vinning vegna útdregins sex tölustafa númers koma 40% vinningsfjárhæðarinnar.

b. Í hlut þess eða þeirra sem hljóta vinning vegna útdregins fjögurra tölustafa númers koma 40% vinningsfjárhæðarinnar, þó þannig að enginn fái í Sinn hlut meira en 10% þessa hluta (4% vinningsfjárhæðarinnar).

c. Þeir sem hljóta vinning vegna útdreginna tveggja tölustafa númera skipta á milli sín 20% vinningsfjárhæðarinnar. Skulu dregin út fjögur tveggja tölustafa númer.

Ef sú fjárhæð sem ætluð er til vinnings samkvæmt b-lið 1. mgr. kemur ekki öll til ráðstöfunar leggst afgangurinn í sérstakan sjóð, lukkupott, sem varðveitist til útdráttar í næsta útgáfuflokki.

Þá er útdrætti vinningsnúmera í útgáfuflokki er lokið skal með sérstökum hætti ákveða hvort þeir fjármunir (ef einhverjir eru) sem varðveittir eru í sjóði (lukkupotti) frá næsta útgáfuflokki á undan skuli greiddir út. Verði niðurstaðan jákvæð bætist sjóðsfjárhæðin öll við vinningsfjárhæð þess sem hlotið hafði vinning samkvæmt a-lið 1. mgr. Verði niðurstaðan hins vegar neikvæð geymist sjóðurinn, ásamt því sem ekki kemur til ráðstöfunar í útgáfuflokknum, sbr. 2. mgr., í lukkupottinum til útdráttar í næsta útgáfuflokki.

11. gr.

Útdráttur fyrsta vinnings (sex tölustafa vinningsnúmers) fer fram á skrifstofu happdrættis Háskóla Íslands og skal tölva þess notuð við útdráttinn. Einungis skal dregið úr númerum seldra miða.

Þegar útdráttur fer fram skal liggja fyrir hversu margir miðar voru prentaðir í hlutaðeigandi útgáfuflokki, hversu margir þeirra voru seldir og hvaða miðar höfðu ekki selst.

Við útdráttinn skal nota sömu gögn og tæki og notuð eru við útdrátt í flokkahappdrætti Háskólans.

Útdráttur vinningsnúmera sem eru tveir eða fjórir tölustafir, svo og ákvörðun um úthlutun lukkupottsins, fer fram með notkun sérstakra snúningsskífa sem happdrættisráð samþykkir í því skyni.

Eftirlit með útdrætti skal vera í höndum fulltrúa happdrættisráðs. Niðurstöður útdráttar og aðrar upplýsingar um framkvæmd hans skal færa í gerðabók happdrættisráðsins og undirrita of fulltrúum happdrættisins og happdrættisráðsins.

12. gr.

Að loknum drætti skal happdrættið láta prenta skýrslu um vinninga, hvaða miðar hafi hlotið vinninga og hve háa. Skal skýrslan send öllum umboðsmönnum happdrættisins og vera þar til sýnis viðskiptamönnum.

13. gr.

Vinningsmiðum ber að framvísa til happdrættisins. Þar til nafnritun á sér stað aftan á miðann er litið á handhafa hans sem eiganda. Þegar nafnritun hefur átt sér stað skal litið á þann er ritað hefur nafn sitt sem réttan eiganda og rétthafa til vinnings. Hafi fleiri en einn skráð nafn sitt sem eiganda á bakhlið vinningsmiða, þurfa þeir að kvitta fyrir vinningi eða gefa umboð til móttöku hans.

14. gr.

Vinningar sem nema lægri upphæð en 20.000 kr. skulu greiddir hjá sölumanni eða umboðsmanni eða á aðalskrifstofu happdrættisins. Greiðsla skal hefjast ekki síðar en á fjórða virkum degi eftir útdrátt.

Vinningar sem nema 20.000 kr. eða hærri fjárhæð skulu greiddir frá aðalskrifstofu Hæðdrættis Háskóla Íslands innan tveggja vikna frá því er vinningsmiða er framvísað.

Þegar vinningur nemur 20.000 kr. eða hærri fjárhæð skal vinningshafí framvísa vinningsmiða sínum hjá sölumanni eða umboðsmanni eða á aðalskrifstofu happdrættisins ásamt útfylltu þar til gerðu útborgunareyðublaði. Skal vinningshafinn fá í hendur kvittað eintak útborgunareyðublaðsins. Aðalskrifstofan greiðir vinning um leið og gengið hefur verið úr skugga um að vinningsmiði sé gildur.

Vextir reiknast ekki á vinninga.

15. gr.

Vinnings skal vitja innan eins árs frá því að útdráttur fór fram í hlutaðeigandi útgáfuflokki. Að þeim fresti liðnum verður vinningurinn eign happdrættisins.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 1313. apríl 1973, sbr. lög nr. 23 5. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.